

Fjölskylduráð Garðabæjar - 2 (10.3.2016) - Umsókn um afbrigði frá reglum um leikskólavist

Málsnúmer : 1602226
Málsaðili : Sigurósk Sunna Magnúsdóttir
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram
Fundardagur : 10.03.2016

Inngangur :

Niðurstaða : Tekið er fyrir mál nr. 1602226 beiðni um leikskólavist í Garðabæ fyrir börn sem jafnframt eru í leikskóla úti á landi. Bæjarráð vísaði erindinu til umfjöllunar hjá fjölskylduráði. Fyrir fundinum liggur m.a. skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum og leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna tvöfaldrar leikskólavistar.

Í skýrslu innanríkisráðherra kemur m.a. fram að þó að ráða megi af þeim rannsóknum sem skoðaðar voru að börnum sem búa til skiptis á heimilum beggja foreldra líði almennt betur en þeim sem búa bara hjá öðru foreldrinu, þá hentar jöfn búseta ekki öllum börnum. Fram kemur í skýrslunni að ein af forsendunum fyrir jafnri búsetu sé að á milli foreldra sé gott samstarf og nálægð milli heimila þannig að börn séu í færi við skóla, tómstundir og vini frá báðum heimilum.

Í álit Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur einnig fram að það er ekki aðalatriðið fyrir velferð barna að tíma þeirra sé skipt jafnt milli heimila foreldra þeirra.

Fjölskylduráð fjallar um málið. Ráðið tekur undir leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem fram kemur m.a. að foreldrar sem fara saman með forsjá barns en búa ekki saman eigi alltaf að leitast við að hafa samráð áður en teknar eru afgerandi ákvarðanir um málefni barns er varða daglegt líf t.d. um hvar það skuli eiga lögheimili innanlands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, um venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Í slíkum málum þarf að huga að því að nægt leikskólarymi sé til staðar og mönnun leikskóla sé með þeim hætti að ekki hljóti af verulegur viðbótarkostnaður. Þá geta sveitarfélög samið sín á milli um greiðslur fyrir hvert tilvik fyrir sig.

Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að foreldrar sýni nauðsynlegan sveigjanleika þannig að samvistir foreldra við börnin henti þörfum þeirra og aðstæðum hverju sinni.